

45
1sta
desbr.

Auglýsing um póstmálefni.

1. Hina nýju reikningseining, sem ákveðin er í peningalögunum 23. maí 1873 skal frá 1. janúar 1875 við hafa í öllum póstreikningum, og á því að breyta öllum upphæðum, sem í póstlögunum eru tilteknar í hinum eldri peningum, eptir 18. grein peningalaganna þannig, að

fyrir hvern rikisdal reiknist	2 krónur
— hverja 48 skildinga	1 króna
— — 24 —	50 aurar
— — 12 —	25 —

en fyrir minni upphæðir en 12 sk. tvöfalt af aurum við það, sem borga átti í skildingum, og má því ávalt finna upphæð þá í aurum, er svarar til skildinga upphæðar með því að tvöfalda skildingatöluna og bæta við hana svo mörgum aurum, sem skildingatölunni má skipta opt með 12.

2. Þangað til ný póstmerki verða gefin út, verður að hafa póstmerki þau, sem nú ganga þannig, að

16 skildinga merki verði tekið fyrir	33 aura
8 — — — — —	16 —
4 — — — — —	8 —
3 — — — — —	6 —
2 — — — — —	4 —

Sæu fleiri póstmerki höfð, verður upphæð sú í aurum, sem þau jafngilda, fundin með þeirri aðferð, sem nefnd er að framan í 2. grein.

3. Við póstávísunum verður eigi tekið, nema því að eins, að þær tiltaki upphæð þá, sem á er vísað, í krónum og aurum.

4. Yfir burðargjaldið, sem greiða á fram yfir hið venjulega burðargjald milli Danmerkr og Íslands undir sendingar, sem berast hinni dönsku póststjórn frá Íslandi áleiðis til annara landa hefir aðalstjórn póst- og telegraphmála í Kaupmannahöfn samið nýja skrá sem verður útbýtt til allra póstmanna hér á landi, og á að lagfæra eptir henni skrá þá, er fylgdi reglugjörðinni frá 6. og 24. nóvbr. 1872 um framkvæmdir á auglýsingunni 26. septbr. s. á.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík dag 1. desbrmán, 1874.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Embættismenn skipaðir og settir.

Hinn 16. dag októbermán. hefir hans hátign konunginum þóknast allramildilegast að skipa settan sýslumann Gunnlaug P. Blöndal til að vera sýslumann í Barðastrandarsýslu.

Hinn 6. dag nóvembermán. hefir hans hátign konunginum þóknast allramildilegast að skipa sóknarprest að Borg í Mýrasýslu Þorkel Eyólfsson til að vera sóknarprest í Staðastadarprestakalli í Snæfellsnessýslu.

Menn sæmdir heiðrsmerkjum.

Með konungsbræfi frá 28. degi októbermánaðar var allramildilegast leyft landshöfðingjanum yfir Íslandi Hilmar Finsen að bera á mannfundum foringjamerki hinnar frakknesku heiðrsfylkingar, er honum hefir verið veitt.

Ovæitt embætti.

Borgarprestakall í Mýrasýslu metið 526 rdl. 11 sk., auglýst 30. nóvember.

hann hefir meðtekið, skal eg sérstaklega biðja mæ skýrt frá, hvort nokkurt hæfi sé í þessum munnmælum, og ef svo sé, hvort ástæða hafi verið til að ætla, að maðr þessi hafi orðið sekr í broti, sem verði heimfært undir hegningarlögin, og hvað þá hafi verið gjört við málið.